



Borgarráð

Reykjavík, 13. apríl 2026

MIR26040001

## Sumarstörf fatlaðra framhaldsskólanema 2026

Á fundi menningar- og íþróttaráðs þann 10. apríl 2026 var lögð fram hjálögð tillaga fulltrúa Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna um sumarstörf fatlaðra framhaldsskólanema:

*Lagt er til að fötluðum framhaldsskólanemum í þjónustu Hins Hússins verði boðin sumarstörf sumarið 2026. Alls verði varið 18 m.kr. til verkefnisins sem dugi til að bjóða 75 nemendum sumarstörf í fjóra tíma á dag í fjórar vikur.*

Tillagan var samþykkt.  
Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

*Hitt húsið heldur úti metnaðarfullu og mikilvægu frístundastarfi með fötluðum framhaldsskólanemum sem er í senn lögbundið verkefni og hluti af öflugum mennta- og velferðarsamfélagi borgarinnar. Veigamikill hluti af þessu starfi felst í því að útvega umræddum ungmennum störf yfir sumartímenn. Með tillögunni er menningar- og íþróttaráð að tryggja 75 ungmennum störf á komandi sumri við fjölbreytt verkefni.*

### Greinargerð:

Á sumrin hefur frítímastarf fatlaðra ungmenna í Hinu Húsinu boðið upp á sumarstarf fyrir þau ungmenni sem eru í frítímastarfi á veturna. Sumarstarfið spannar 13 vikur alls, frá 18. maí til 14. ágúst. Að hámarki eru valdar 10 vikur. Ungmenni skulu taka sér a.m.k. 3 vikur í frí yfir sumarið. Hitt Húsið lokar ekki yfir sumarið og má því dreifa frívikunum þremur yfir sumarið eins og hentar. Opnunartímenn er frá frá kl. 9:00 til 16:00 mánudaga til föstudaga. Hægt er að kaupa sérstaklega auka klukkustund milli 8:00-9:00 frá þriðjudegi til föstudags. Gjald fyrir eina viku er 12.680 kr. og gjald fyrir aukastund í eina viku er 3.680 kr.

Sumarstarfið er tvískipt. Fyrstu 4-5 vikurnar hefur verið atvinnutengt frítímaúrræði fyrir ungmennin. Ungmennunum hefur þá boðist starf í 4 klukkustundir á dag í fjórar vikur á fjölbreyttum vinnustöðum (Krónan, Árbæjarsafn, Fjölskyldu- og Húsdýragarðurinn, Ásgarður, Hagkaup o.fl.). Ungmenni mæta þá í Hitt Húsið og fara svo út á vinnustaðina með starfsfólki. Markmiðið er að ungmennin fái að kynnst ýmsum störfum á hinum almenna vinnumarkaði og læra hvernig vinnuumhverfi virkar, ásamt því að hinn almenni vinnumarkaður fái að kynnst þeim sem verðmætum starfskröftum. Eftir að vinnudegi ungmennanna lýkur tekur við frjálst frítímastarf til kl 16. Í framhaldi af vinnuvikunum, seinni 8 vikur sumarsins, er boðið upp á fjölbreytt skipulagt frítímastarf restina af sumrinu.



Reykjavík



Kostnaður: 18 m.kr. Tillagan verði fjármögnuð úr ramma menningar- og íþróttasviðs með hagræðingu sem nánar er útlístuð í sérstakri tillögu á fundi menningar- og íþróttaráðs 10. apríl 2026.

Steinþór Einarsson  
*sviðsstjóri menningar- og íþróttasvið*

Hjálagt:

Tillaga um sumarstörf fatlaðra framhaldsskólanema



Reykjavík, 8. apríl 2026

MIR26040001

## TILLAGA

---

### Tillaga um sumarstörf fatlaðra framhaldsskólanema

Lagt er til að fötluðum framhaldsskólanemum í þjónustu Hins Hússins verði boðin sumarstörf sumarið 2026. Alls verði varið 18 m.kr. til verkefnisins sem dugi til að bjóða 75 nemendum sumarstörf í fjóra tíma á dag í fjórar vikur.

Greinargerð:

Á sumrin hefur frítímastarf fatlaðra ungmenna í Hinu Húsinu boðið upp á sumarstarf fyrir þau ungmenni sem eru í frítímastarfi á veturna. Sumarstarfið spannar 13 vikur alls, frá 18. maí til 14. ágúst. Að hámarki eru valdar 10 vikur. Ungmenni skulu taka sér a.m.k. 3 vikur í frí yfir sumarið. Hitt Húsið lokar ekki yfir sumarið og má því dreifa frívikunum þremur yfir sumarið eins og hentar. Opnunartíminn er frá frá kl. 9:00 til 16:00 mánudaga til föstudaga. Hægt er að kaupa sérstaklega auka klukkustund milli 8:00-9:00 frá þriðjudegi til föstudags. Gjald fyrir eina viku er 12.680 kr og gjald fyrir aukastund í eina viku er 3.680 kr.

Sumarstarfið er tvískipt. Fyrstu 4-5 vikurnar hefur verið atvinnutengt frítímaúrræði fyrir ungmennin. Ungmennunum hefur þá boðist starf í 4 klukkustundir á dag í fjórar vikur á fjölbreyttum vinnustöðum (Krónan, Árbæjarsafn, Fjölskyldu- og Húsdýragarðurinn, Ásgarður, Hagkaup o.fl.). Ungmenni mæta þá í Hitt Húsið og fara svo út á vinnustaðina með starfsfólki. Markmiðið er að ungmennin fái að kynna ymsum störfum á hinum almenna vinnumarkaði og læra hvernig vinnuumhverfi virkar, ásamt því að hinn almenni vinnumarkaður fái að kynna þeim sem verðmætum starfskröftum. Eftir að vinnudegi ungmennanna lýkur tekur við frjálst frítímastarf til kl 16. Í framhaldi af vinnuvikunum, seinni 8 vikur sumarsins, er boðið upp á fjölbreytt skipulagt frítímastarf restina af sumrinu. Kostnaður: 18 m.kr. Tillagan verði fjármöggnuð úr ramma menningar- og íþróttasviðs með hagræðingu sem nánar er útlístuð í sérstakri tillögu á fundi menningar- og íþróttaráðs 10. apríl 2026.



Reykjavík